

BORGARRÁÐ 26. mars 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um innri leigu Klettaskóla - R20030201

1. Kynnt var á fundinum að innri leiga Klettaskóla hækki úr 126 milljónum 2019 í 450 milljónir 2020. Hver er ástæðan fyrir þessari miklu hækkun? 2. Er þessi ákvörðun tengd eins milljarðs framúrkeyrslu á viðhaldi og lagfæringum á Klettaskóla? 3. Var búið að fá fjárheimildir fyrir öllum þeim kostnaði? 4. Ef já þá er óskað eftir samantekt tæmandi talið með vísan í fjárhagsáætlanir s.l. ára. 5. Með þessari gríðarlegu hækkun innrileigu nær Reykjavíkurborg kostnaði pr. nemenda í Klettaskóla upp í sama kostnað pr. nemenda í Arnarskóla. Er þessi snúningur gerður til að Reykjavíkurborg fái meira fjármagn frá Jöfnunarsjóði íslenskra sveitarfélaga í tilraunum til að stoppa upp í framúrkeyrsluna sem framkvæmdir og viðhald Klettaskóla kostaði Reykjavíkurborg? 6. Liggur eitthvert fjárhagslegt mat fyrir sem útskýrir og rökstyður þessa miklu hækkun á innri leigu um 324 milljónir á milli ára og til framtíðar? Ef svo er – er óskað eftir því að borgarráð fái það sent. 7. Hvað fékk Reykjavíkurborg greidda háa fjárhæð frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna Klettaskóla á árunum 2015, 2016, 2017, 2018, 2019, áætlun 2020 og áætlun 2021 þegar framkvæmd hækkunar innri leigu Klettaskóla er komin til fullrar framkvæmdar?